VIÐAUKI
Heilbrigðisvottorð
fyrir innflutning inn á Evrópska efnahagssvæðið
á óslægðum laxfiski sem upprunninn er í Noregi.

Raðnúmer: .....

Lýsing á sendingu:
Eldisstöð (leyfisnúmer og nafn): .....
Vinnslustöð þar sem slátrun og pökkun fór fram (vinnslunúmer og nafn): .....
.....
Heildarþyngd: .....
Fjöldi pakka: .....

Flutningstæki
Tegund og auðkenni flutningstækis: .....

Ákvörðunarstaður
Land: .....
Móttakandi (nafn og heimilisfang): .....
.....

Staðfesting á heilnæmi
Ég undirritaður, ábyrgur opinber eftirlitsmaður, lýsi því hér með yfir að vörur í þessari sendingu koma frá eldisstöð og vinnslu sem er ekki á svæði þar sem sérstakar heilbrigðisreglur gilda vegna gruns um útbreiðslu á smitandi blóðleysi vegna veirusýkingar (ISA).

Staður: ..... Dags: .....
Nafn opinberrar eftirlitsstofnunar: .....
Nafn opinbers eftirlitsmanns: .....
Undirskrift: .....

Stimpill opinberrar eftirlitsstofnunar:

Nr. 715 5. október 2000

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

1. gr.
Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.
Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Fílabeinsströndin	Kólumbía	Mexíkó	Seychelleseyjar
Argentína	Færeyjar	Kúba	Nígería	Singapúr
Ástralía	Gambía	Lettland	Nýja-Sjáland	S-Kórea
Bangladess	Gana	Litháen	Óman	Taíland
Brasilía	Gvatemala	Madagaskar	Pakistan	Tansanía
Chíle	Indland	Malasía	Panama	Túnis
Eistland	Indónesía	Maldíveyjar	Perú	Taívan
Ekvador	Japan	Marokkó	Rússland	Úrúgvæ
Falklandseyjar	Kanada	Máritanía	Senegal	Víetnam
Filippseyjar	Kína	Márítíus	S-Afríka	Yemen

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Algería	Franska Polynesía	Jamaíka	Nýja Kaledónía	Sviss
Angóla	Gabon	Kamerún	Papúa Nýja Gínea	Simbabwe
Antígva[1)]	Grenada	Kenía	Pólland	Tékkland
Aserbaídsjan[2)]	Grænland	Kostaríka	Rúmenía	Tógó
Bahamaeyjar	Gínea Conakri	Króatía	Sankti Helena	Tyrkland
Bandaríkin	Hollensku Antillaeyjar	Kýpur	Sankti Pierre og Miquelon	Úganda
Barbúda[1)]	Hondúras	Malta	St. Vincent og Grenadíneyjar	Ungverjaland[3)]
Belís	Hong Kong	Mósambík	Salómonseyjar	Venesúela
Benín	Hvíta-Rússland	Myanmar	Slóvenía	
Erítrea	Íran	Namibía	Srí Lanka	
Fidjieyjar	Ísrael	Nikaragúa	Súrínam	

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía
Chíle
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland
Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfir-

[1)] Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.
[2)] Aðeins heimilt að flytja inn kavíar.
[3)] Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

valda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

Einnig er heimilt að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá Tælandi sem hafa sætt hitameðferð eða verið sótthreinsaðar í samræmi við gildandi reglugerð.

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 202, 23. mars 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum, auglýsing nr. 33, 8. janúar 1998, um ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á fiskmjöli er heimill frá og auglýsing nr. 32/1999 um ríki, svæði og starfsstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimill frá.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. október 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.